

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um bílaumferð og varpstöðvar.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hafa samgönguyfirvöld gert ráðstafanir til að draga úr hættu á því að villtir fuglar verði fyrir bifreiðum í grennd við varplönd og uppeldissvæði á sumrin, og þá hverjar?
2. Hafa stjórnvöld yfirsýn yfir staðsetningu og stærð varp- og uppeldissvæða fugla við þjóðvegi landsins?
3. Hafa farið fram rannsóknir á áhrifum bílaumferðar á varpstöðvar hér á landi?